

manns útgerðarinnar 9. sept. 1932 og hefir stefnandi lagt fram kvittun fyrir greiðslunni. Það þykir ekki verða dregið í efa að simtalið hafi verið vegna útgerðarinnar og greiðslan fyrir það verið innt af hendi í þágu hennar. Ber því að taka þennan lið til greina.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 1024.41 með vöxtum, þó aðeins 5%, og málskostnaði, sem ákveðst hæfilegur 100 kr. og viðurkennist sjóveðréttur í e/s Fáfnir fyrir hinum tildæmdu upphæðum, því að þótt kröfunum undir 1. lið fylgi ekki sjóveðréttur, þá er sú krafa fyrst stofnuð og stefnandi gat réttilega talið sér hana greidda með þeim greiðslum, sem stefndur innti af hendi upp í heildarkröfuna.

Föstudaginn 10. maí 1935.

Nr. 154/1934. **Stefán Björnsson f. h. Vigdísar Pálsdóttur** (Lárus Jóhannesson)

gegn

skiptaráðandanum í dánarbúi Marsibilar Illugadóttur og Ingibjörgu H. Bjarnason f. h. Landsspítalasjóðs Íslands (Eggert Claessen).

Gildi erfðaskrár.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 23. júlí 1934: Framkomin mótmæli skulu að engu metin.

Framlögð erfðaskrá Marzibilar Illugadóttur frá 7. nóvember 1925 er örugg og gild í öllum orðum og greinum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að erfðaskrá sú, er þar greinir, verði dæmd ógild, og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að skipta framangreindu dánarbúi án tillits til hennar. Svo krefst

áfrýjandi málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu hinna stefndu er krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í hæstarétti hafa komið fram ný gögn í málinu, og verður að dæma það með hliðsjón af þeim.

Þvi er ekki mótmælt, að arfleiðandi, Marzibil Illugadóttir, hafi kvatt þá Jón Magnússon forsætisráðherra og Odd Hermannsson skrifstofustjóra til þess að vera vottar að arfleiðslugerningi sínum, að Jón Magnússon hafi skrifað hann sjálfur, að gerningurinn hafi verið lesinn upp fyrir henni, og loks að áðurnefndir tveir menn hafi ritað nöfn sín sem vottar undir hann. Hefir í flutningi málsins fyrir hæstarétti komið fram yfirlýsing um það af hálfu áfrýjanda, að Jón Magnússon hafi sagt Stefáni Björnssyni frá þessum arfleiðslugerningi.

Þvi er hinsvegar mótmælt fyrir skiptaréttinum:

1. Að arfleifandi hafi lýst því yfir, að arfleiðsluskráin væri samkvæmt vilja hennar.

2. Að hún hafi handsalað Jóni Magnússyni að undirrita nafn hennar.

3. Að hún hafi verið andlega heil, og

4. Að hún hafi gert arfleiðslugerninginn með fús-um vilja.

Um hver þessara atriða athugast það, er nú skal greina:

Um 1. Samkvæmt vottorði Sigurðar Kristjáns-sonar fyrrverandi bóksala, dags. 2. þ. m., sem í engu hefir verið mótmælt, sagði Marsibil honum, sem lengi hafði þekkt hann og haft að nokkru fjárreiður hennar á hendi, frá því, að hún ætlaði að biðja Jón Magnússon forsætisráðherra, sem hún einnig var kunnug, að gera fyrir sig erfðaskrá. Síð-

an kom hún með erfðaskrá þessa, sem engin hefir véfengt, að væri með rithönd Jóns, til Sigurðar, sagði honum, að Jón Magnússon hefði gert hana fyrir sig, og bað hann að geyma hana, sem Sigurður gerði, og vottar Sigurður, að hún hafi þá verið með fullu ráði. Sumarið 1928, eða nær þremur árum eftir að arfleiðsluskráin var gerð, kom Marzibil til Sigurðar og tjáði honum, að hún vildi gera ráðstöfun í sambandi við erfðaskrána um legstein á leiði sitt og girðingu um það. Skrifaði Sigurður þá slíka ráðstöfun fyrir hana dags. 18. ág. 1928. Stendur beint í þessum viðbótargerningi, að hann sé gerður „í sambandi við erfðaskrá mína (þ. e. Marzibilar) dags. 7. nóv. 1925“. Með þessari ómótmæltu skýrslu Sigurðar Kristjánssonar og óvéfengdri tilvísun Marzibilar sjálfrar til erfðaskrárinnar verður að telja það fullsannað, að innihald hennar sé vilja Marzibilar samkvæmt.

Um 2. Það felst einnig í hinni ómótmæltu skýrslu Sigurðar Kristjánssonar og tilvísun Marzibilar í gerningnum 18. ág. 1928 til erfðaskrárinnar nægileg sönnun þess, að Jón Magnússon hafi skrifað nafn hennar, sem var óskrifandi, með fullri heimild undir erfðaskrána.

Um 3. Í skýrslu Sigurðar Kristjánssonar um viðtal hans við Marzibil bæði áður en og eftir að erfðaskráin var gerð, felst það, að hún var þá svo andlega heil, að hún mátti erfðaskrá gera. Auk þess staðfestir hún erfðaskrána heil og hraust þann 18. ágúst 1928 með tilvísun sinni í hana í ráðstöfun sinni um legsteininn m. m. Loks hefir staðhæfingu stefndu hér fyrir dómi um andlega heilbrigði Marzibilar, bæði fyrr og síðar, ekki verið mótmælt. Það verður samkvæmt þessu að telja nægilega

sannað, að Marzibil hafi ekki skort nauðsynlega andlega heilbrigði til að gera arfleiðslugerninginn 7. nóv. 1925.

Um 4. Viðtal Marzibilar við Sigurð Kristjánsson fyrir og eftir að arfleiðslugerningurinn var gerður og tilvísun hennar í hann 18. ágúst 1928 virðist einnig vera nægileg sönnun þess, að hún hafi gert arfleiðsluskrána 7. nóv. 1925 af fúsum vilja.

Það verður því að meta arfleiðsluskrá Marzibilar Illugadóttur gilda, enda þótt ekki hafi verið unnt að láta vottana staðfesta vottorð sitt um hana fyrir dómi, með því að telja má sannað, að hún hafi í lifanda lífi í einu og öllu kennst við skrána löngu eftir að hún var gerð og að það hafi komið fram, að hún hafði öll lögmæt skilyrði til að gera hana og síðar að kennast við hana. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða skiftaréttarúrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, og einkum með tilliti til þess, að hin nýju gögn hafa haft úrslitaþýðingu fyrir málið, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Sigurður bóksali Kristjánsson afhenti skiptaráðanda 5. dezbr. f. á., framlagða erfðaskrá hinnar látnu Marzibilar Illugadóttur, sem fædd var að Siðumúla í Hvítársíðu 1. marz 1852, en andaðist ógift og barnlaus á Landakotsspítalanum 4. dezbr. f. á., hafði hann varðveitt erfðaskrána

ásamt með sparisjóðsbók, sem hin látna átti og sem erfðaskráin mælti fyrir um, að yrði í hans vörzlu.

Erfðaskráin er gerð 7. nóvbr. 1925 með þeim þáverandi forsætis- og dómsmálaráðherra Jóni Magnússyni og skrifstofustjóra í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu Oddi Hermannssyni, sem erfðaskrárvottum. Í vottorði þeirra, sem ritað er á erfðaskrána segir:

að téð Marzibil hafi kvatt þá til að vera viðstadda arfleiðslugerðinginn.

að þeir hafi lesið gerninginn skýrt upp fyrir henni.

að hún hafi lýst því að efni hans væri samkvæmt yfirlýstum vilja hennar í öllum greinum.

að Marzibil, sem ekki hafi verið skrifandi, hafi handsalað undirrituðum Jóni Magnússyni, að undirrita nafn hennar undir gerninginn, að undirrituðum Oddi Hermannssyni áheyrandi.

að Marzibil hafi þá verið heil andlega og líkamlega og

að hún hafi gert þetta af fúsum vilja og fullu ráði.

Af því að erfðaskrárvottarnir eru báðir látnir og venjulegt notarialvottorð er ekki ritað á gerninginn, hefir í nafni nokkurra lögerfingja komið fram maður, Stefán Björnsson, hreppstjóri í Borgarnesi, og látið leggja fram í skiptaréttinum mótmæli sín gegn gildi erfðaskrárinnar og krefst hann þess, að erfðaskráin verði úrskurðuð eða dæmd ógild.

Fyrst og fremst véfengir hann að Marzibil hafi gert arfleiðsluskrána sbr. orð hans: „sem talin er að hafa gert hana“. Í þessu virðist liggja aðdróttun um, að mennirnir, sem tjá sig vera arfleiðsluvotta, kunni að hafa falsað gerninginn, með öllu. Í annan stað mótmælir hann því, að Marzibil hafi lýst því yfir að arfleiðsluskráin væri samkvæmt vilja hennar, að hún hafi handsalað Jóni Magnússyni að undirrita nafn hennar, að hún við nefnt tækifæri hafi verið andlega heil og líkamlega, og loks mótmælir hann því, „að hún hafi gert þetta af fúsum vilja og fullu ráði“.

Þar eð aðalerfinginn samkv. arfleiðsluskránni, Marzibil Karelsdóttir, var önduð áður en arfleifandinn féll frá, skal að hinu eftirlátna fé, mynda sjóð til styrktar ógiftum kvenmönnum fátækum, er sjúklingar eru í Landspítalanum, og skal sjóðurinn vera undir forsjá stjórnarnefndar Land-

spítalasjóðs Íslands. Af hennar hendi hefir verið mætt fyrir skiptaréttinum, og áðurnefnd mótmæli talin algerlega röng og þess krafizt að arfleiðsluskráin verði metin gild, enda hafi því ekki verið mótmælt, að undirskrift vottanna væri þeirra eigin handskrift.

Eins og frumrit erfðaskrárinnar sýnir er hún rituð frá upphafi til enda með alþekktri og auðþekktri rithönd hins látna ráðherra, svo sem sjá má við samanburð við embættisbækur hans frá hans tíð hér við embættið, þar má og sjá við samanburð að undirskrift Odds Hermannssonar er hans eigin rithönd. Nú ber þess að gæta, að hvor þessara manna var bær um, samkvæmt embættisstöðu sinni, að votta með fullgildum trúverðugleik (*fides publica*) um og á skjal, sem gert var í þeim tilgangi að vera eða verða opinbert skjal, svo sem erfðaskrá þessi. Hinn venjulegi *notarius publicus* var í þessu falli óþarfur, þar sem handskrift vottanna var ætíð sannanleg. Hér við bætist það, að *notarius* yfirskipaður embættismaður, dómsmálaráðherrann, var bær um að votta með fyllsta gildi um athöfn, sem var innan hans embættissviðs og hann var sérstaklega tilkvaddur til að vera viðstaddur. Á embættisstöðu sína lagði hann áherzlu við undirskrift sína, svo og hinn erfðaskrárvotturinn fyrir sitt leyti.

Þar sem það er óvæfengt enda óvæfengjanlegt, að nefndir menn hafi vottað á gerninginn svo sem þeir hafa gert, hefði þurft að koma fram rökstuddar ógildingarástæður gegn honum, sem væru það gildar, að hnekkkt gætu vottorði þeirra, sem hefir að geyma öll atriði, sem til greina þurftu að koma við þessa erfðaskrá. Þess í stað eru hér framborin alveg órökstudd mótmæli gegn nokkrum atriðum í yfirlýsingu erfðaskrárvottanna, sem eingöngu eru byggð á brjóstviti og brjóstheilindum fyrnefnds Stefáns og verða því að teljast öldungis ómæt og ómerk og að engu hafandi til hnekkis ofangreindri erfðaskrá.